



Sjálfsmatsskýrsla 2025 - 2026

Akurskóli

Sjálfsmatsskýrsla 2025-2026

Akurskóli

Reykjanesbær, júní 2026

Inngangur

Skipulag innra mats í Akurskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla.

Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og að Akurskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins. Menntastefna Reykjanesbæjar er höfð að leiðarljósi þar sem stefnt er að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, barna- og menntamálaráðuneytis eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Stjórnendur setja upp áætlun um innra mat til fjögurra ára í senn og leggja fyrir á fundi starfsfólks og skólaráðs. Áætlun fyrir 2026-2030 er sett fram haustið 2026, birt á heimasíðu skólans, kynnt skólaráði og samþykkt á fundi starfsfólks. Hlutverk stjórnenda í samstarfi við starfsfólk er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsfólki, nemendum, skólaráði, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

Efnisyfirlit

1.	Innra mat í Akurskóla	5
2.	Um skólann	7
3.	Kennslufræðileg sýn Akurskóla.....	7
4.	Menntastefna Reykjanesbæjar.....	9
5.	Viðfangsefni innra mats 2025-2026.....	12
6.	Helstu niðurstöður sjálfsmats.....	13
6.1.	Skólanámskrá	13
6.2.	Matsferill 4. – 10. bekkur	13
6.3.	Lesferill – lesfimi 1. – 10. bekkur	16
6.4.	Logos – læsisskimum	18
6.5.	Talnalína í 3., 6. og 8. bekk	19
6.6.	Skólapúlsinn - nemendakönnun.....	20
6.7.	Niðurstöður eineltisteymis.....	24
6.8.	Viðhorfskönnun meðal foreldra	24
6.9.	Foreldrasamtöl.....	30
6.10.	Kennslurýni og samtöl	32
6.11.	Starfsmannasamtöl.....	32
6.12.	Moodup púlsmæling.....	35
7.	Framkvæmdamat	37
8.	Teymi í skólanum	42
9.	Lokaorð.....	48

1. Innra mat í Akurskóla

Sjálfsmatshringurinn hér fyrir neðan lýsir sjálfsmatsaðferðum Akurskóla.



Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?

Með innra mati er skólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Við lok skólaárs eiga öll gögn að vera fyrirbyggjandi og ritun sjálfsmatsskýrslu getur farið fram. Hún er birt á heimasíðu skólans í júní ár hvert. Sjálfsmatsskýrslan er send fræðslustjóra sem kynnrir hana fyrir Menntaráði og einnig er hún kynnt starfsfólki sem les yfir sjálfsmatsskýrsluna í júní og koma með athugasemdir. Skólastjóri er ábyrgur í samstarfi við aðra stjórnendur skólans fyrir ritun sjálfsmatsskýrslunnar og kynningu á henni.

Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?

Fjöldi kannana, skimana og prófa eru lögð fyrir á hverju ári og greina fjölmargar hliðar skólastarfsins. Niðurstöður prófa og skimana gefa vísbendingar um námslega stöðu nemenda. Niðurstöður kannana gefa vísbendingar um viðhorf til skólans og líðan nemenda.

Þessar niðurstöður eru greindar jafn óðum og þær berast og eru lykilatriði í niðurstöðum þeirra settar í sjálfsmatsskýrsluna. Á grunni þessa niðurstaðna eru ákvarðanir um umbætur teknar. Greining á niðurstöðum einstaka kannana er á ábyrgð þess starfsfólks sem sinnir þeim þætti skólastarfsins sem könnunin tekur til. Yfirlit yfir þær kannanir sem og skimanir sem notaðar eru við innra matið má sjá í töflu í kafla 4.

Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?

Skólinn setur sér viðmið um árangur. Viðmiðin eru sett með hliðsjón af stefnu skólans, aðstæðum og almennum samanburði á námsárangri. Árangursviðmiðin eru í raun skuldbinding um þann árangur sem stefnt er að ná. Árangursviðmiðin eru birt í sjálfsmatsskýrslu skólans.

Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?

Í kjölfar útgáfu sjálfsmatsskýrslu er brugðist við niðurstöðum hennar og aðgerðir ræddar. Nauðsynlegum umbótum forgangsraðað og umbótaáætlun rituð. Umbótaáætluninni er skilað til fræðslustjóra fyrir 15. október. Skólastjóri ber ábyrgð á ritun hennar.

Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?

Næsta skref er að framkvæma umbótaáætlunina. Hver umbótaþáttur hefur ábyrgðaraðila sem fylgist með framvindu mála.

Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?

Lokaþáttur sjálfsmatshringins er nákvæm, reglubundin eftirfylgni. Eftirfylgni er nauðsynleg til að tryggja að starfsfólk uppfylli ábyrgðarskyldu sína gagnvart þeim umbótaþáttum sem eru á þeirra könnu og geri það sem starfsfólk skólans hafði sammælt um að yrði gert. Hluti af eftirfylgninni er að leggja mat á þann árangur sem af aðgerðum hefur hlotist og gera grein fyrir því mati í sjálfsmatsskýrslu.

2. Um skólann

Akurskóli hóf starfsemi haustið 2005 og var skólinn formlega vígður 9. nóvember 2005. Akurskóli er staðsettur í Innri-Njarðvík en nafn skólans er dregið af Akurskóla sem var byggður árið 1891, skólahald stóð þar fram til ársins 1906.

Skólastjóri skólaárið 2025-2026 var Sigurbjörg Róbertsdóttir. Aðstoðarskólastjóri var Þormóður Logi Björnsson. Deildarstjóri yngra stigs var Katrín Jóna Ólafsdóttir. Deildarstjóri eldra stigs var Guðrún Gunnarsdóttir. Deildarstjóri Lindar, sérþæks námsúrræðis var Arnar Smáráson. Deildarstjóri stoðþjónustu og læsis var Elín Njálsdóttir. Verkefnastjóri tölvumála var Freyr Brynjarsson og verkefnastjóri íslensku sem annað mál var Anna S. Guðmundsdóttir.

Um sögu skólans má lesa frekar um í Skólanámskrá skólans eða á [heimasíðu skólans](#).

3. Kennslufræðileg sýn Akurskóla



Gildi Akurskóla eru leiðarljós skólastarfsins en þau eru virðing, gleði og velgengni sem tákmyndirnar endurspeglar.

Merki skólans eru nemendur sem eins og plöntur vaxa upp af fræjum á akri. Mismunandi litur þeirra gefur til kynna að öll erum við ólík og höfum okkar sérstöðu.

Gildin eiga að endurspeglast í stefnu skólans og öllu hans starfi.



Í Akurskóla er nemandinn í forgrunni og leitast er við að leita allra leiða til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Okkur finnst mikilvægt að allir nemendur hafi [jöfn tækifæri til náms](#) en leggjum líka áherslu á [teymiskennslu kennara](#), [Uppbyggingarstefnuna](#),

[Byrjendalæsi](#), [góðan námsárangur](#), [fjölbreytta kennsluhætti](#), [útikennslu](#) og [jákvæð og öflug samskipti við foreldra](#).

[Jöfn tækifæri til náms](#) eru ein af grunnstoðum menntastefnu Reykjanesbæjar. Í Akurskóla er þörfum nemenda mætt úr frá námsstíl, námshæfni og áhuga. Unnið er með sterkar hliðar

nemenda og miðað er að því að gera nemendur sjálfstæða í námi með góðri endurgjöf. Við skólann starfa fjölbreyttar starfsstéttir til að mæta nemendum á sem skilvirkastan hátt.

Teymiskennsla kennara er ein af lykilstoðum í námi og kennslu nemenda. Hver árgangur er ein heild með tvo eða fleiri umsjónarkennara sem saman bera ábyrgð á undirbúningi og skipulagi kennslunnar. Kennarar skipta oft með sér verkum þannig að styrkleikar hvers og eins nýtast sem best í kennslu.

Uppbyggingarstefnan er notuð er til að skapa jákvæðan skólabrag og tryggja velferð allra innan skólans. Lögð er áhersla á að byggja upp sjálfsaga og ábyrgð hjá einstaklingum með samræðum um lífsgildi og eigið sjálf. Lögð er áhersla á lífsgildin, ábyrgð og virðingu, og er nemendum kennt að bera ábyrgð á eigin orðum og gjörðum.

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi í 1. - 3. bekk. Kennsluaðferðin byggir á því að lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir þar sem merkingarbær viðfangsefni eru megináherslan og unnið er út frá gæðatexta. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna.

Til að stuðla að **góðum námsárangri** er námsumhverfi hvetjandi og væntingar eru gerðar til nemenda um nám óháð færni þeirra og getu. Allir nemendur fá áskorun og ögrun við hæfi í skólastarfinu.

Fjölbreyttir kennsluhættir og útikennsla eru ríkjandi þættir í skólastarfinu. Kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum í öllum kennslustundum og ígrunda starf sitt til að koma til móts við nemendur. Skólinn á útikennslusvæði, Narfakotsseylu, og nýtir það svæði ásamt öðru í nágrenni skólans til útikennslu. Nemendur læra að þekkja náttúruna og umhverfi skólans er nýtt til rannsókna og athugana.

Jákvæð og öflug samskipti við foreldra eru mikilvægur hlekkur í námi barnanna. Við viljum stuðla að faglegri samvinnu við foreldra og góðu upplýsingastreymi. Við skólann starfar öflugt foreldrafélag sem styður við skólann á allan hátt. Einnig er skólaráð skólastjórnendum til ráðgjafar þegar á þarf að halda. Skólinn sendir reglulega pósta á foreldra ásamt því að vera með lifandi heimasíðu og Facebook síðu.

Í Akurskóla ríkir faglegur metnaður og leitast er eftir að skólinn sé eftirsóttur vinnustaður þar sem starfsfólk finnur fyrir öryggi og vellíðan og fá tækifæri til að vaxa í starfi.

4. Menntastefna Reykjanesbæjar

Meginmarkmið menntastefnu Reykjanesbæjar er að skapa öllum börnum og ungmennum í Reykjanesbæ öruggt og hvetjandi umhverfi þannig að þeim líði vel, þau hafi tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra með opnum hug og gleði í hjarta.

Í skólanámskrá Akurskóla endurspeglast þetta markmið í kennslufræðilegri sýn skólans þar sem lögð er áhersla á hamingju, heilbrigði og hámarksárangur nemenda.

Gildin virðing – gleði – velgengni eru leiðarljós í öllu skólastarfi og styðja við þetta meginmarkmið.

Leiðarljós menntastefnu Reykjanesbæjar eru þrjú: Börnin mikilvægust, Kraftur fjölbreytileikans og Faglegt menntasamfélag. Þessi leiðarljós eru áberandi í skólanámskrá Akurskóla og endurspeglast í stefnu og daglegu starfi skólans.



Fyrsta leiðarljósið, „**Börnin mikilvægust**“ birtist skýrt í áherslu skólans á að nemandinn sé í forgrunni. Skólanámskráin og starfið í skólanum leggur ríka áherslu á að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms, óháð bakgrunni eða getu. Þetta kemur meðal annars fram í einstaklingsmiðuðu námi og notkun Uppbyggingarstefnunnar sem styður við að börn fái að blómstra á eigin forsendum og þróa með sér sjálfsga og ábyrgð.

Annað leiðarljósið „**Kraftur fjölbreytileikans**“ endurspeglast í kennslufræðilegri sýn Akurskóla þar sem fjölbreyttir kennsluhættir, teymiskennsla og sveigjanleiki eru í hávegum höfð. Skólinn tekur vel á móti tvítyngdum og erlendum nemendum með einstaklingsmiðuðu námi og stuðningi í íslensku sem öðru tungumáli. Þannig er fjölbreytileiki nemendahópsins ekki aðeins viðurkenndur heldur nýttur sem styrkleiki í skólastarfinu.

Þriðja leiðarljósið „**Faglegt menntasamfélag**“ kemur fram í áherslu skólans á samvinnu allra sem að skólastarfinu koma – kennara, starfsfólks, foreldra og nemenda. Skólanámskráin undirstrikar mikilvægi þess að byggja upp traust og faglegt samstarf og að kennarar fái tækifæri til starfsþróunar og endurmenntunar. Samstarf við háskóla og faglegt mat á skólastarfi eru einnig mikilvægir þættir sem styðja við þetta leiðarljós.

Fimm stefnuáherslur menntastefnunnar Reykjanesbæjar eru: Mér líður vel, Allir með, Opnum hugann, Sköpunargleði og Við og Jörðin



Vellíðan er grunnur að námi og þroska. Í Akurskóla er lögð áhersla á að nemendum líði vel, þeir finni sig örugga og gangi glaðir til verka. Skólinn vinnur markvisst að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu með þátttöku í Heilsueflandi grunnskóla. Sjálfsmynd og sjálfstraust eru eflað með Uppbyggingarstefnunni og kennslu í tilfinningagreind og samskiptum. Leikur, gleði og sköpun eru nýtt sem leið til að efla vellíðan og styrkja félagsfærni.



Skólinn leggur áherslu á að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og aðlagðir að þörfum nemenda. Stuðningsúrræði eins og stoðþjónusta, Lindin og íslenska sem annað mál tryggja að allir fái nám við hæfi. Uppbyggingarstefnan styður við jákvæðan skólabrag og félagsfærni. Foreldrasamstarf og tengsl við grenndarsamfélagið styrkja þátttöku og tengsl og nemendur taka virkan þátt í félagslífi og ákvarðanatöku í gegnum nemendafélagið og lýðræðisverkefni.



Akurskóli leggur áherslu á gagnrýna hugsun, fjölbreytni og virka þátttöku í lýðræðissamfélagi. Læsi er þjálfað með samþættri kennslu í lestri, ritun, tali og hlustun. Nemendur taka þátt í umræðum, bekkjarfundum og félagsstarfi. Sköpun og fjölbreyttir kennsluhættir styðja við frumkvæði og sjálfstæða hugsun. Námið er sveigjanlegt og byggir á áhuga og styrkleikum nemenda.



Sköpun er samþætt öllu skólastarfi og styður við forvitni, ímyndunarafl og frumkvæði. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni, nýta tækni og miðla og tjá hugmyndir sínar með ólíkum aðferðum. Samstarf milli kennara og árganga og teymiskennsla styðja við skapandi vinnu. Verkefni eru gerð sýnileg og nemendur safna þeim í sýnimöppu.



Sjálfbærni og umhverfisvitund eru samofin skólastarfinu. Skólinn vinnur að því að efla ábyrgð nemenda gagnvart náttúrunni. Útikennsla og vettvangsferðir eru nýttar til að tengja nám við umhverfið. Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti eru grundvallarþættir í menntun til sjálfbærni. Nemendur læra að taka upplýstar ákvarðanir sem stuðla að farsæld og sjálfbæru samfélagi.

Menntastefna Reykjanesbæjar birtist mjög skýrt í starfi Akurskóla. Skólinn hefur innleitt meginmarkmið, leiðarljós og áherslur stefnunnar í kennslufræðilegri sýn, skipulagi og daglegu starfi. Það má segja að Akurskóli sé í góðu samræmi við stefnu sveitarfélagsins og virkur þátttakandi í að móta framtíð barna í Reykjanesbæ.

5. Viðfangsefni innra mats 2025-2026

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Þátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og stjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Skóla-námskrá	Endurskoðun á starfsáætlun og bekkjarnámskrám.	Stjórnendur og kennarar.	Haust.	Starfsfólk og skólaráð.	x	x							
Skólalámskrá	Nemendakönnun: virkni nemenda, líðan nemenda bekkjarandi.	Skólalámskrá. Deildarstjóri leggur fyrir.	4 mælingar, tvær á haustönn og tvær á vorönn.	Nemendur 6. – 10. b. - úrtak í hverri mælingu.		x		x		x			
Foreldrar	Viðhorfskannanir í 3., 6. og 9. bekk	Stjórnendur	27. janúar	Foreldrar í 3., 6. og 9. bekk.		x		x			x		
Starfsfólk	Samtöl	Stjórnendur	Jan. - mars.	Allt starfsfólk	x				x	x	x		
	MoodUp – púlsmæling	Reykjanesbær	Sep. - maí	Allt starfsfólk	x				x	x	x		X
Lestrarskimanir	Lesferill - lesskimun	Deildarstjóri stoðþjónustu og kennarar.	Október.	1. bekkur		x		x					
	Lesferill - Lesfimi og hliðarpróf eftir þörfum	Kennarar og deildastjóri stoðþjónustu	Þrisvar á ári. Sept., jan og maí.	Nemendur í 1. - 10. bekk.		x		x					
Matsferill	Stærðfræði	Kennarar í samvinnu við stjórnendur	mars	4.-10.bekkur	x	x	x	x					
	Lesskilningur	Kennarar í samvinnu við stjórnendur	mars	4.-10.bekkur	x	x	x	x					
Framkvæmdamat	Framkvæmdamat á viðburðum í skólanum.	Skólastjórnendur	Allt skólaárið.	Starfsfólk skóla. Nemendur og foreldrar þegar við á.	x			x	x	x	x	x	X

6. Helstu niðurstöður sjálfsmats

6.1. Skólanámskrá

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár sem tók gildi 2011 og í henni er gerð grein fyrir sérstöðu skólans og staðbundnum aðstæðum.

Akurskóli birtir skólanámskrá sína í tvennu lagi eins og lög gera ráð fyrir. Fyrri hlutinn er almennur hluti þar sem gerð er grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggir á. Almenni hlutinn var endurskoðaður 2022 og gildir nú til 2026. Skólanámskrá Akurskóla má sjá hér: <https://www.akurskoli.is/skolanamskra/almennur-hluti>

Seinni hlutinn er starfsáætlun. Meðfylgjandi því riti eru bekkjarnámskrár allra árganga sem finna má á heimasíðu skólans. Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans, mikilvægum viðburðum í skólastarfi og kennsluáætlunum. Starfsáætlun er endurskoðuð ár hvert og birt að hausti.

Skólanámskráin er birt á heimasíðu skólans <https://www.akurskoli.is/skolanamskra>. Einnig er hægt að fá afrit af henni á skrifstofu skólans.

Unnið var í endurskoðun á öllum bekkjarnámskrám þetta skólaárið þar sem innleiðing nýrra hæfniviðmiða í samræmi við endurskoðaða aðalnámskrá frá Menntamálastofnun. Einnig var unnið í að forgangsraða öllum hæfniviðmiðum niður á árganga eftir ráðleggingum Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Sú vinna gekk mjög vel og verður leiðarljós kennslu næstu árin í skólanum.

6.2. Matsferill 4. – 10. bekkur

Á skólaárinu var Matsferill lagður fyrir alla nemendur í 4.–10. bekk annars vegar í stærðfræði og hins vegar í lesskilningi. Skylda er að leggja þessi próf fyrir í 4. 6. og 9. bekk. Með þessum prófum frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu er hægt að fylgjast betur með árangri nemenda og í framtíðinni verður hægt að fylgjast markvisst með framvindu nemenda í námi yfir tíma.

Matsferill er rafrænt og gagnadrifið matstæki sem er ætlað að meta stöðu og framfarir nemenda í tilteknum námsgreinum. Það byggir á stigvaxandi verkefnum sem eru aðlöguð að getu hvers og eins nemanda þannig að prófið leiðir nemandann áfram í samræmi við frammistöðu hans. Með þessu móti fæst nákvæmt mat á styrkleikum og veikleikum nemenda og skýr mynd af því hvar þeir standa miðað við hæfniviðmið námskrár.


Helstu markmið með notkun Matsferils eru:

- að greina stöðu nemenda á áreiðanlegan og samanburðarhæfan hátt
- að styðja við einstaklingsmiðað nám og markvissa íhlutun
- að efla faglegt samtal kennara um námsframvindu og kennsluhætti
- að veita nemendum og foreldrum skýra endurgjöf um stöðu og framfarir


Niðurstöður úr Matsferli nýtast kennurum við skipulag kennslu, val á viðfangsefnum og ákvörðun um stuðning eða viðbótaráskoranir fyrir nemendur. Þær eru jafnframt mikilvægar fyrir innra mat skólans, þar sem þær gefa heildstæða mynd af árangri í stærðfræði og lesskilningi og styðja við markvissar umbætur í skólastarfi.

Í Akurskóla var prófið lagt fyrir í 4. – 10. bekk. Þátttökuhlutfall var mjög gott í báðum prófum.

Í stærðfræðiprófinu voru allir árgangar yfir eða við landsmeðaltal í þátttöku nema 4. og 9. bekkur.



Í lesskilningi var einnig góð þátttaka en allir árgangar voru við landsmeðaltal eða yfir nema 9. og 10. bekkur.



Árangur nemenda var mjög misjafn innan skólans. Sérstökum árangri náðu nemendur í 7. bekk þar sem niðurstöður sýndu að þeir voru með hærra hlutfall nemenda í efri fjórðungi prófsins en allt landið í báðum prófum og einnig var hlutfall nemenda í neðri fjórðungi mun lægra en landið í stærðfræði. Heildarmælitala 7. bekkjar var 11 í báðum prófunum en landsmeðaltal er 10.

Nemendur í 5. bekk náðu líka góðum árangri og voru á pari við landsmeðaltal bæði í lesskilningi og stærðfræði. Aðrir árgangar voru rétt undir landsmeðaltali með 9 í mælitölu.

Að lokinni fyrirlögn Matsferils fara kennarar markvisst yfir niðurstöður hvers og eins nemanda. Greiningin felst í að skoða stöðu nemenda með tilliti til einstakra hæfnispátta, styrkleika og þeirra sviða þar sem þörf er á frekari þjálfun eða stuðningi. Áhersla er lögð á að túlka niðurstöður í samhengi við daglega frammistöðu, fyrri mælingar og aðrar upplýsingar sem liggja fyrir um nám og líðan nemenda.

Kennarar nýta niðurstöðurnar til að:

- meta stöðu hvers nemanda út frá hæfniviðmiðum námskrár
- bera kennsl á nemendur sem þurfa annað hvort aukinn stuðning eða frekari áskoranir
- skipuleggja einstaklingsmiðað nám og viðeigandi kennsluáðferðir

Niðurstöður eru jafnframt nýttar í samskiptum við foreldra, þar sem farið er yfir stöðu nemenda og næstu skref í námi þeirra. Með þessu móti styður skólinn við gagnsæi og sameiginlega ábyrgð heimilis og skóla á námsframvindu.

6.3. Lesferill – lesfimi 1. – 10. bekkur

Lesferill – lesfimi er samræmt matstæki frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu sem er ætlað að meta lestrarhraða og lesnákvæmni nemenda. Markmið þess er að fylgjast með framvindu í grunnþætti læsis, greina stöðu nemenda og styðja við markvissa kennslu í lestri. Í lesfimi eru nemendur beðnir um að lesa staðlaðan texta upphátt í ákveðinn tíma þar sem mældur er fjöldi rétt lesinna orða á mínútu. Niðurstöður gefa þannig vísbendingar um bæði leshraða og nákvæmni sem eru lykilþættir í þróun lesfærni.

Helstu einkenni Lesferils – lesfimi eru:

- Reglulegar mælingar sem gera kleift að fylgjast með framförum yfir tíma
- Skýr viðmið sem sýna hvort nemendur eru undir, á eða yfir væntum árangri miðað við aldur og bekk
- Einföld fyrirlögn og úrvinnsla sem nýtist vel í daglegu skólastarfi

Niðurstöður úr lesfimi eru nýttar til að:

- greina hvaða nemendur þurfa aukinn stuðning í lestri
- skipuleggja markvissa lestrarþjálfun og einstaklingsmiðað nám
- fylgjast með árangri íhlutunar og breytinga á kennsluaðferðum

Lesfimi er mikilvægur hluti af heildstæðu mati á læsi en hún er ávallt túlkuð í samhengi við aðra þætti, svo sem lesskilning og málþroska. Með því móti fæst heildræn mynd af lestrarfærni nemenda og betri grunnur fyrir áframhaldandi kennslu og stuðning.

Lesferill - lesfimi var lagt fyrir í 1. – 10. bekk.

1. bekkur: Lesskimunarpróf í september

1.-10. bekkur: lesfimi í september, janúar og maí.

1.-10. bekkur: sjónrænn orðaforði og orðleysur í september, janúar og maí eftir þörfum.

Í Lesferli eru niðurstöðunum skilað á mælitölu frá 1-20 þar sem:

- 10 er landsmeðaltal
- Flestir nemendur eru á bilinu 7–13
- Mælitala undir 7 bendir til þess að nemandinn sé talsvert undir meðaltali jafnaldra sinna og gæti þurft frekari stuðning.
- Mælitala yfir 13 bendir til þess að nemandinn standi vel yfir meðaltali.

Mælitalan er staðlað skor sem gerir okkur kleift að bera saman árangur nemenda þvert á árganga og mælingatíma. Hún sýnir því ekki beint hversu mörg orð nemandi les á mínútu heldur hvernig frammistaða hans er í samanburði við viðmiðunarhóp.

Umsjónarkennarar í 1. - 7. bekk lögðu prófin fyrir hjá sínum nemendum en í 8. - 10. bekk lögðu íslenskukennarar lesfímiprófin fyrir alla nemendur í september, janúar og maí. Eftir fyrirlögn birtast niðurstöður prófanna inni á matsferli og kennarar fá stöðuna á hverjum nemenda miðað við stöðu jafnaldra á landsvísu og unnið er út frá henni. Deildarstjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.

Leið til læsis er lesskimunarpróf sem lagt er fyrir nemendur í 1. bekk til að meta undirstöðufærni þeirra í læsi. Prófið kannar meðal annars hljóðkerfisvitund, bókstafaþekkingu og færni sem tengist lestrarnámi. Markmið skimunarinnar er að greina snemma þá nemendur sem gætu verið í áhættu með að þróa með sér lestrarerfiðleika og tryggja að þeir fái viðeigandi stuðning sem fyrst. Niðurstöður prófsins veita kennurum mikilvægar upplýsingar til að skipuleggja markvissa kennslu og stuðla að farsælu lestrarnámi allra nemenda.

Niðurstöður lesskimunarprófs í 1. bekk og lesfímiprófa í öllum árgöngum birtast foreldrum á island.is og eru einnig kynntar á samtalsdegi í janúar.

Í kjölfarið af skimun í 1. bekk var brugðist við námsþörfum nemenda. Nemendur með slaka stafa- og hljóðaþekkingu fengu sérkennslu í lestri strax um haustið ásamt endur innlögn á stöfum ef þess þurfti. Nemendur með erfiðleika í öðrum bekkjum fengu þjálfun hjá sérkennara eða öðrum kennurum. Nemendur yngri bekkjanna lásu fyrir kennara og/eða stuðningsfulltrúa reglulega. Allar bekkjardeildir voru með lestrarátak nokkrum sinnum yfir skólaárið. Lestrarátökin voru ýmist hjá einni bekkjardeild fyrir sig eða bekkirnir tóku sig saman og voru með sameiginleg átök með verðlaunum að lokum. Það var mikið lagt upp úr lestrarþjálfun í öllum skólanum þetta skólaárið og við teljum okkur sjá góðan árangur af

þeirri vinnu hjá nemendum skólans. Margar bekkjardeildir nýttu efnið Eitt skref í einu og Fimmuna. Nemendur í 1.-7.bekk unnu markvisst með lestraraðferðina PALS, allavega 3 sinnum í viku allt skólaárið.


Frá og með haustinu 2025 voru niðurstöður prófsins gefnar út í mælitölum í stað orða á mínútu. Þess vegna getum við ekki með góðu móti borið saman niðurstöður ársins við fyrri ár.

Hérna fyrir neðan sjáum við niðurstöður úr lesfímiprófinu sem lagt var fyrir í maí.

Niðurstöðurnar okkar eru hérna bornar saman við landið. Við viljum að flestir nemendur okkar séu með mælitölu hærrí en 8. Þegar mælitölur bekkjanna eru skoðaðar þá eru fimm bekkir með mælitöluna 9, þrír bekkir með mælitöluna 8 og svo einn bekkur með mælitöluna 7. Sá bekkur er stóð sig best var 7.bekkur en hann er með mælitöluna 11 og töluvert betri niðurstöður en aðrir 7.bekkir á landinu.

■ Árgangar ■ Landið

Hlutföll nemenda á mælitölubílum



6.4. Logos – læsisskimum

Logos er greiningar- og skimunarforrit sem notað er í grunnskólum til að meta lestrarhæfni nemenda og skima eftir einkennum lesblindu. Forritið byggir á fjölbreyttum verkefnum sem kanna meðal annars hljóðkerfisvitund, umskráningu, lesskilning, leshraða og stafsetningu og gefur þannig heildstæða mynd af styrkleikum og áskorunum nemenda í lestri. Með því að skima snemma eftir lestrarerfiðleikum geta skólar gripið inn í á fyrstu stigum námsins með

markvissum stuðningi og einstaklingsmiðaðri kennslu. Snemmtæk íhlutun er mikilvæg þar sem rannsóknir sýna að því fyrr sem stuðningur hefst því betra fyrir nám, sjálfstraust og líðan barna.

Rýnisamtöl með kennsluráðgjöfum

Kennsluráðgjafar komu í skólann um miðjan nóvember og í lok febrúar og voru með rýnisamtöl við deildarstjóra stoðþjónustu, sérkennara og bekkjarkennara í 1., 3. og 6. bekk. Þar var rýnt í nemendur bekkjanna út frá lestrarfærni og niðurstöður Lesferlis skoðaðar. Í gegnum samtalið var framhaldið ákveðið, hvaða nemendur þarf að halda betur utan um, hvaða nemendur við höldum að þyrftu að fá aðgang að hljóðbókasafninu og hvernig við sjáum fyrir okkur lestrarþjálfun bekkjarins. Í þessu samtali var einnig tekin ákvörðun um, út frá niðurstöðum Lesferils undanfarinna ára, hvaða nemendur í 6. bekk færu í fulla lesblindugreiningu.

6. bekkur - Logos

Eftir rýnisamtalið með kennurum 6. bekkjar var ákveðið að sex nemendur í árganginum færu áfram í fulla lesblindugreiningu. Þegar þetta er ritað hafa farið fram fimm greiningar þar sem fjórir greindust með lesblindu og einn með lestrarerfiðleika. Það er einn nemandi eftir sem mun fara í sína greiningu í september næstkomandi.

6.5. Talnalína í 3., 6. og 8. bekk

Akurskóli leggur fyrir skimunarprófið Talnalínu. Talnalína er próf sem metur grunnþætti stærðfræðinnar í 3., 6. og 8. bekk. Stærðfræðikennarar bekkjanna leggja prófin fyrir en deildarstjóri stoðþjónustu er þeim innan handar. Eftir fyrirlögnina skrifa kennarar stutta greinagerð þar sem kemur fram hvernig prófið kom út og hvað kennarar ætla að gera í kjölfarið.

Talnalína er stöðupróf í stærðfræði sem lagt er fyrir nemendur í 3. og 6. bekk fyrir lok janúar. Kennarar leggja þessi próf fyrir og kynna svo sjálfir niðurstöðurnar fyrir deildarstjóra stoðþjónustu.

Prófið metur hvar nemandinn stendur í því efni sem kennt hefur verið. Dæmin í prófinu eru metin sem A, B eða C hæfni, og er það stefna skólans að sem flestir nái B hæfni í öllum efnispáttum í lok skólaársins. Niðurstöður Talnalínu eru ekki reiknaðar í prósentum eða

raðeinkunn. Niðurstöðurnar sýna einungis hvar einstaka nemandi stendur og hvað hann þarf aðstoð með til að efla enn frekar færni sína.

Prófinu fylgir ítarefni sem kennarar nýta sér ef nemandi hefur ekki náð B hæfni í ákveðnum efnisþáttum. Ef vinnan með ítarefni skilar ekki tilætluðum árangri koma kennsluráðgjafar með tillögur að næstu skrefum.

Talnalína var lögð fyrir nemendur í 3.bekk í desember 2025. Könnunin var lögð fyrir allan árganginn nema tvo nemendur sem eru stjórnmerktir í stærðfræði. Farið var í undirbúningsvinnu í nóvember og desember, þar sem nemendur fengu innlögn og dæmi til að æfa sig á. Eftir skimunina fengu allir sem náðu ekki B eða C hæfni í ákveðnum þáttum, æfingardæmi heim. Nemendum í 3.bekk gekk nokkuð vel heilt yfir. Farið var í upprifjun á þeim þáttum sem nemendur áttu hvað erfiðast með.

Talnalína var lögð fyrir 6. bekk í janúar 2026. Könnunin var lögð fyrir 28 börn í tvennu lagi. Einn stjórnmerktur nemandi tók könnunina, en niðurstöðurnar notaði sérkennari til þess að þjálfa þættina sem vantaði uppá. Annar hlutinn var lagður fyrir á mánudegi og hinn hlutinn á þriðjudegi. Nemendur höfðu æft sig fyrir skimunina frá byrjun desember. Flestir voru með C hæfni og langflestir hafa náð B hæfni, tæplega helmingur hefur náð A hæfni.

Þeir þættir þar sem ekki allir ná B hæfni í fyrri hlutanum eru margföldun – tvær tölur margfaldaðar með tveimur tölum og þrjár tölur margfaldaðar með tveimur tölum og deilingu – þrjár tölur deilt með einni. Flestir eru með A hæfni í samlagningu og frádrætti. Í seinni hlutanum er mestur vandi í formum, en þar ná flestir ekki B hæfni.

Strax eftir könnunina fengu allir nemendur sem á þurftu að halda ítarefni með sér heim til þess að vinna. Einnig var haldið áfram í almennri grunnþjálfun út skólaárið ásamt öðru efni.

6.6. Skólapúlsinn - nemendakönnun

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsfólks til hinna ýmsu þátta í skólstarfinu. Annað hvert ár eru allar kannanir

Skólapúlsins lagðar fyrir, þ.e. nemenda-, foreldra- og starfsfólkskönnun en hitt árið er það eingöngu nemendakönnunin. Í ár var það eingöngu nemendakönnunin sem var lögð fyrir.

Þegar rýnt var í niðurstöður var athyglinni beint að styrkleikum skólans og tækifærum til úrbóta en viðmið Akurskóla er að vera við landsmeðaltal í öllum þáttum sem kannaðir eru.

Í nemendakönnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir í ár slembiraðast nemendur í 6. – 10. bekk í fjögur úrtök í október, desember, febrúar og apríl til að svara spurningum í Skólapúlsinum. 152 nemendur af 169 svöruðu nemendakönnuninni í ár sem gerir 89,9% svarhlutfall.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólapúlsins:

Ánægja af lestri, áhugi og ánægja af stærðfræði, áhugi og ánægja af náttúrufræði, trú á eigin námsgetu, trú á eigin vinnubrögð í námi, þrautseigja í námi, sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, tíðni eineltis, tegund eineltis, staðir eineltis, hreyfing, mataræði, samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu, mataráskrift, snjallsímanotkun og að lokum eru tvær opnar spurningar um hvað nemendum þyki gott við skólann og hvað slæmt.

Valið á spurningunum byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

Undanfarin ár hafa niðurstöður Skólapúlsins ekki verið nægilega góðar að mati stjórnenda Akurskóla. Nemendur og kennarar litu á könnunina sem kvöð og sáu ekki tilgang með henni. Seinustu tvö ár hefur fyrirlögnin verið markvissari þar sem nemendum er gerð grein fyrir mikilvægi niðurstaðanna fyrir skólann. Einnig hafa niðurstöður fyrri ára verið kynntar fyrir nemendum og þeim boðið að koma með tillögur að úrbótum. Það sama var gert með starfsfólki skólans, helstu niðurstöður kynntar og starfsfólk kom með hugmyndir að úrbótum. Þrátt fyrir þessar breytingar sýna niðurstöður svipaða mynd og seinustu ár.

Nemendakönnunin í Akurskóla 2025-2026 var eins og áður sagði lögð fyrir nemendur í 6.-10. bekk og náði háu svarhlutfalli (89,9%) sem styrkir áreiðanleika niðurstaðna.

Heildarniðurstöðurnar sýna blandaða mynd: skólinn stendur sig betur en landsmeðaltal í þáttum sem snúa að námslegri virkni og sambandi nemenda við kennara, en kemur verr út í þáttum sem snúa að líðan og félagslegri samsömun.

Á jákvæðu nótunum sýna gögnin að áhugi á stærðfræði (5,1) er marktækt hærri en landsmeðaltal (4,7), samband nemenda við kennara (5,2 vs 4,9) er marktækt sterkara og virk þátttaka nemenda í tímum (5,2) er yfir landsmeðaltali. Auk þess hefur skólinn náð verulegri framför í aga í tímum (úr 4,2 í 4,9, breyting +0,7) og sambandi nemenda við kennara (+0,4).

Á hinn bóginn koma fram áhyggjur er varða líðan nemenda og sjálfsálit: sjálfsálit (4,1), stjórn á eigin lífi (4,1) og vellíðan (4,2) eru öll marktækt undir landsmeðaltali og einelti mælist marktækt hærra (6,2 vs 5,7) þrátt fyrir að tíðni eineltis sé sambærileg við landið. Samsömun við nemendahópinn (4,4 vs 4,9) er einnig marktækt lægri. Opin svör nemenda styðja þessi mynstur og draga sérstaklega fram áhyggjur af hávaða og ósamræmi í kennslu og námsmati.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir [1]	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
11. Ánægja af lestri	4,2	149	0,2	4,4	16.182	-0,2
12. Þrautseigja í námi	4,7	149	-0,1	4,6	16.332	0,1
13. Áhugi á stærðfræði	5,1	150	0,1	4,7	16.569	0,4*
14. Ánægja af náttúrufræði	4,6	150	0,8	4,6	16.547	0,0
15. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,9	150	-	4,8	16.299	0,1
16. Trú á eigin námsþætu	5,1	150	-0,1	4,9	16.589	0,2
17. Hlutfall nemenda með snjallsíma	65,1%	95 ₍₁₄₈₎	-8,0%	73,3%	11533 ₍₇₀₁₄₁₎	-8,2%*
18. Símanotkun á skólatíma	0,6 klst.	95	0,1 klst.	0,4 klst.	11.501	0,2 klst.*

Niðurstöður Skólapúlsins sýna að Akurskóli býr yfir nokkrum skýrum styrkleikum, sérstaklega þegar kemur að jákvæðum samskiptum og námsumhverfi. Samband nemenda og kennara mælist 5,2 sem er marktækt hærra en landsmeðaltal og hefur aukist frá fyrra ári. Rúm 87% nemenda telja kennara sýna áhuga á velferð þeirra og veita þeim stuðning þegar þörf krefur. Opin svör nemenda staðfesta þessa upplifun og lýsa kennurum sem sanngjörnum, hlýjum og hjálpsömum. Mikilvægt er að viðhalda þessum styrkleika með áframhaldandi faglegri umræðu kennara um samskipti og með því að tryggja þeim svigrúm til að rækta jákvæð tengsl við nemendur.

Áhugi nemenda á stærðfræði og virk þátttaka í kennslustundum eru einnig áberandi jákvæðir þættir. Áhugi á stærðfræði mælist 5,1 og virk þátttaka 5,2, með hækkun frá fyrra ári. Tveir þriðju nemenda telja sig fá tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar reglulega í samræmi við áherslur Aðalnámskrár um virka þátttöku og hæfni til að tjá og rökstyðja eigin hugmyndir. Þessi styrkleiki skapar tækifæri til að efla samræðukennslu og miðla árangursríkum kennsluháttum milli kennara.

Agi í kennslustundum hefur batnað verulega og hækkað úr 4,2 í 4,9, sem telst töluverð breyting samkvæmt viðmiðum Skólapúlsins. Þessi þróun bendir til markvissrar vinnu með bekkjarstjórnun og vinnufrið. Mikilvægt er að festa þessar starfsvenjur í sessi með skipulagðri eftirfylgni og miðlun aðferða milli kennara.

2. Líðan og velferð

Matsþættir	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfssátt	4,1	159	0,0	4,4	16.246	-0,3*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,1	159	0,0	4,4	16.177	-0,3*
2.3. Vellíðan	4,2	149	0,0	4,6	16.397	-0,4*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	53	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,2	149	0,1	5,7	16.365	0,5*
2.6. Tíðni eineltis	16,1%	24 ₍₁₄₈₎	-0,3%	15,9%	2649 ₍₁₆₂₁₎	0,2%
2.7. Staðir eineltis	-	22	-	-	-	-
2.8. Í mat í skólanum	69,8%	104 ₍₁₄₈₎	-23,5%	75,8%	12348 ₍₁₆₃₈₃₎	-5,2%*
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	39,8%	49 ₍₁₃₃₎	5,4%	45,1%	6200 ₍₁₃₄₂₆₎	-5,3%
2.10. Borða ekki matinn í skólanum - ástæður	-	26	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	72	-	-	-	-

Símanotkun í skólanum er tiltölulega hófleg og hlutfall nemenda með snjallsíma lægra en landsmeðaltal. Þetta styður einbeitingu og bætir félagsleg samskipti í frímínútum í takt við nýjar leiðbeiningar stjórnvalda um símanotkun í grunnskólum. Nauðsynlegt er að viðhalda skýrri stefnu og halda áfram fræðslu til foreldra um ávinning takmarkaðrar símanotkunar.

Þrátt fyrir þessa styrkleika koma fram nokkur brýn umbótatækifæri. Þrjú lykilkvarðar sem tengjast vellíðan, sjálfssátt og stjórn á eigin lífi mælast marktækt undir landsmeðaltali. Sérstaklega er staða stúlkna áhyggjuefni, þar sem þær skora mun lægra en strákar. Um 38% nemenda finna oft eða mjög oft fyrir stressi eða kvíða og opin svör staðfesta vanlíðan. Þessi niðurstaða kallar á markvissa vinnu með tilfinningalega færni, sjálfstraust og trú á eigin getu.

Upplifun nemenda af neikvæðum samskiptum og baktali mælist einnig marktækt hærrí en á landsvísu, sérstaklega hjá stúlkum. Þótt tíðni eineltis sé svipuð og annars staðar bendir hærrí einkunn á kvarðanum til útbreiddrar upplifunar af útilokun og særandi samskiptum. Opin svör nemenda styðja þetta og benda til þörf á styrki eftirfylgni og markvissri vinnu með samskipti og félagslegt öryggi.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir [1]	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópling	4,4	148	-0,1	4,9	16.191	-0,5*
3.2. Samband nemenda við kennara	5,2	148	0,4	4,9	16.274	0,3*
3.3. Agi í tímum	4,9	149	0,7	4,9	16.253	0,0
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,2	149	0,1	5,0	16.199	0,2
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,1	148	0,2	4,9	16.288	0,2

Samsömun nemenda við bekkjar- og skólahópinn mælist einnig undir landsmeðaltali, sérstaklega hjá stúlkum og í 6. bekk. Fjórðungur nemenda upplifir að öðrum líki ekki vel við sig. Þetta er áhyggjuefni í ljósi rannsókna sem sýna að þörf fyrir að tilheyra er einn sterkasti spábáttur námsárangurs og vellíðanar.

Að lokum kemur fram óánægja með skólamat og fækkun í mataráskrift sem er áhyggjuefni þar sem mataráskrift er endurgjaldslaus í Akurskóla. Opin svör benda til áhyggja af gæðum, fjölbreytni og framsetningu matarins. Einnig má greina ósamræmi í kennslu og endurgjöf og gagnvart nemendum með sérþarfir. Athugasemdir nemenda benda til skorts á samræmingu og þörf fyrir skýrari og réttlátari endurgjöf í anda leiðsagnarmats.

6.7. Niðurstöður eineltisteymis

Eineltisteymi er starfrækt við Akurskóla. Í því sitja Arna Arnarsdóttir þroskaþjálfari, Haraldur Haraldsson kennari á unglíngastigi, Evelyn Adolfsdóttir þroskaþjálfari og Lóa Björg Björnsdóttir kennari á yngsta stigi. Einnig komu umsjónarkennarar að málum eftir atvikum. Á þessu skólaári bárust tvær tilkynningar vegna gruns um einelti. Annað málið var í 2. bekk og hitt málið í 4. bekk. Unnið var eftir eineltisáætlun Akurskóla og gekk vel að vinna úr tilkynningunum. Fyrri málinu var lokað um áramót en því seinna höfum við enn haldið opnu en málið gengur vel og er í góðum farvegi.

Haldinn var einn fundur með eineltisteymum allra skóla í Reykjanesbæ. Þar var verklag rætt og mögulegar breytingar á því. Ekkert var þó ákveðið í þeim málum og heldur sú vinna áfram á næsta skólaári.

6.8. Viðhorfskönnun meðal foreldra

Eins og síðustu skólaár var ákveðið að skoða sérstaklega viðhorf foreldra í 3., 6. og 9. bekk til skólans. Foreldrar og forráðamenn svöruðu könnun um leið og þeir komu út frá umsjónarkennara á samtalsdegi í janúar og var óskað eftir að þeir tækju afstöðu til ákveðinna þátta í skólastarfinu. Þeir þættir sem verið var að kanna voru traust og ánægja

með skólann, samskipti og umhverfi, námsmat og kennsluaðferðir og upplýsingamiðlun og samskipti við foreldra. Auk þess var opin spurning í lokin ef foreldrar vildu koma einhverju á framfæri við stjórnendur.

3. bekkur

23 foreldrar nemenda í 3. bekk svöruðu könnuninni en í árganginum eru 31 nemandi. Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að almennt ríki traust til starfsfólks og að foreldrar upplifi sig velkomna í skólann. Foreldrar eru að jafnaði ánægðir með stjórnun, telja skólann njóta virðingar í samfélaginu og sjá að starfsfólk leitast við að bæta skólastarfið. Einnig kemur fram jákvæð upplifun af líðan nemenda, samskiptum og kennslu, þar sem kennarar sýna metnað og fjölbreytni í kennsluháttum og leggja grunn að góðum námsárangri.

Niðurstöðurnar benda jafnframt til þess að tækifæri séu til að efla enn frekar upplýsingaflæði og miðlun til foreldra sem og skýrleika í kynningu á stefnu og markmiðum skólans. Þá er einnig svigrúm til að styrkja upplifun foreldra af því að tekið sé mark á athugasemdum þeirra og þátttöku þeirra í skólastarfinu.


Traust og ánægja með skólann



Samskipti og umhverfi

● Mjög sammála ● Frekar sammála ● Hvorki né ● Frekar ósammála ● Mjög ósammála


- Samskipti milli nemenda eru góð í skólanum.
- Barninu mínu líður vel í skólanum.
- Skólinn tekur af festu á agavandamálum.
- Ég fylgist vel með námi barnsins míns m.a. í gegnum Mentor.
- Ég var ánægð/ ánægður/ ánægt með samtalsdaginn í dag.
- Skólinn tekur af festu á eineltismálum sem upp koma í skólanum.



Námsmat og kennsluaðferðir

● Mjög sammála ● Frekar sammála ● Hvorki né ● Frekar ósammála ● Mjög ósammála

- Kennarar barnsins leggja metnað í að kennslan sé góð.
- Kennarar nota fjölbreyttar aðferðir við námsmat í skólanum.
- Námsmat í skólanum gefur mér sem forráðamanni skýra sýn á stöðu barnsins míns.
- Börnunum eru sköpuð skilyrði til að ná árangri í námi.
- Skólinn hvetur barnið mitt til að skila góðum námsárangri.



Upplýsingamiðlun og samskipti við foreldra

● Mjög sammála ● Frekar sammála ● Hvorki né ● Frekar ósammála ● Mjög ósammála

- Upplýsingamiðlun/ upplýsingaflæði frá skólanum er gott.
- Skólinn hefur kynnt stefnu sína og markmið með skýrum hætti.
- Skólinn tekur tillit til óska og athugasemda foreldra.
- Ég fylgist með heimasíðu skólans reglulega.
- Ég fylgist með facebook síðu skólans reglulega.



6. bekkur

Svörun foreldra í 6. bekk var frekar góð 26 foreldrar svöruðu en 32 börn eru í bekknum. Niðurstöður gefa til kynna að foreldrar bera gott traust til starfsfólks skólans og upplifa almennt jákvæða umgjörð í skólasamfélaginu. Foreldrar telja stjórnun skólans í góðum farvegi og að metnaður sé til staðar hjá skólastjórnendum og kennurum til að efla skólastarfið. Þá kemur fram að nemendum líði almennt vel, samskipti séu ásættanleg og að unnið sé markvisst að því að styðja við námsframvindu þeirra, meðal annars með fjölbreyttu námsmati og áherslu á árangur.

Á sama tíma benda niðurstöður til þess að þörf sé á að skerpa á upplýsingamiðlun til foreldra og gera hana markvissari. Einnig má draga þá ályktun af könnuninni að efla megi skýrleika í kynningu á stefnu og markmiðum skólans sem og styrkja samráð við foreldra þannig að þeir upplifi betur að tekið sé tillit til sjónarmiða þeirra.

Traust og ánægja með skólann



Samskipti og umhverfi



Námsmat og kennsluáðferðir



Upplýsingamiðlun og samskipti við foreldra



9. bekkur

25 svör bárust frá foreldrum 44 barna í 9. bekk í ár.


Niðurstöðurnar sýna að foreldrar hafa almennt jákvæða afstöðu til skólastarfsins. Traust til starfsfólks er til staðar og foreldrar telja að stjórnun skólans sé í góðum farvegi. Einnig má sjá að skólinn nýtur virðingar og að starfsfólk leggur áherslu á framfarir og þróun í starfi sínu. Foreldrar lýsa jafnframt ánægju með kennslu og námsmat sem styður við námsárangur nemenda og telja að börnum séu sköpuð góð skilyrði til að ná framförum í námi.

Á móti benda niðurstöðurnar til þess að styrkja megi ákveðna þætti tengda samskiptum og öryggi. Þar má nefna upplýsingaflæði og miðlun upplýsinga til foreldra, sem og skýrleika í stefnu og markmiðum skólans. Enn fremur koma fram vísbendingar um að efla megi viðbrögð og umgjörð í kringum líðan og aðstæður nemenda í daglegu starfi svo sem í tengslum við atvik sem upp kunna að koma.

Traust og ánægja með skólann

● Mjög sammála ● Frekar sammála ● Hvorki né ● Frekar ósammála ● Mjög ósammála


- Ég treysti starfsfólki skólans.
- Mér finnst ég vera velkomin/ velkomin/ velkomið í skólann.
- Ég er ánægð/ ánægður/ ánægt með stjórnun skólans.
- Skólinn nýtur virðingar í samfélaginu.
- Skólastjómendur og kennarar eru áhugasamir um að bæta skólastarfið.



Samskipti og umhverfi

● Mjög sammála ● Frekar sammála ● Hvorki né ● Frekar ósammála ● Mjög ósammála


- Samskipti milli nemenda eru góð í skólanum.
- Barninu mínu líður vel í skólanum.
- Skólinn tekur af festu á agavandamálum.
- Ég fylgist vel með námi bamsins míns m.a. í gegnum Mentor.
- Ég var ánægð/ ánægður/ ánægt með samtalsdaginn í dag.
- Skólinn tekur af festu á eineltismálum sem upp koma í skólanum.



Námsmat og kennsluaðferðir

● Mjög sammála ● Frekar sammála ● Hvorki né ● Frekar ósammála ● Mjög ósammála

- Kennarar bamsins leggja metnað í að kennslan sé góð.
- Kennarar nota fjölbreyttar aðferðir við námsmat í skólanum.
- Námsmat í skólanum gefur mér sem forráðamanni skýra sýn á stöðu bamsins míns.
- Börnunum eru sköpuð skilyrði til að ná árangri í námi.
- Skólinn hvetur barnið mitt til að skila góðum námsárangri.



Upplýsingamiðlun og samskipti við foreldra



6.9. Foreldrasamtöl


Í ár var ákveðið að hafa tvo samtalsdaga á skóladagatali og voru þeir 25. september og 27. janúar. Tímapantanir fóru fram í gegnum Mentor.

Samtalsdagurinn í september var hugsaður fyrir nemendur, foreldra og kennara til að kynnast betur og einnig setja sér markmið fyrir skólaárið. Mjög góð mæting var hjá öllum árgöngum eins og venjulega.

Samtalsdagurinn í janúar var nemendastýrður, líkt og árið á undan, og voru stjórnendur búnir að útbúa eyðublað fyrir kennara til þess að nýta sér í þá vinnu með nemendum. Um var að ræða þrjár mismunandi útgáfur, fyrir yngsta-, mið- og unglíngastig, þar sem nemendastýringin var mismikil eftir því hvað hentaði hverju aldursbili.

Í kjölfar samtalsdagsins í janúar var send út könnun þar sem kennarar voru spurðir út í hvernig samtalsdagurinn gekk. Mæting foreldra var mjög góð og mættu foreldrar 90%-100% nemenda í öllum árgöngum.

4. Að hve miklu leyti voru samtölin nemendastýrð? (0 stig)




5. Hver talaði mest í viðtalinu? (0 stig)

● Kennari	7
● Nemandi	8
● Foreldri	0




6. Hver fór yfir gátlistann sem nemandi fyllti út fyrir viðtalið? (0 stig)

● Kennari	6
● Nemandi	9



7. Hver var upplifun þín af deginum? (0 stig)

● Mjög góð	11
● Frekar góð	4
● Hvorki né	0
● Frekar slæm	0
● Mjög slæm	0



Niðurstöður sýna að nemendastýrð foreldraviðtöl eru orðin fastur og vel heppnaður þáttur í skólastarfinu með mikilli þátttöku foreldra og jákvæðri upplifun kennara. Nemendur taka í auknum mæli virkan þátt í að kynna eigin námsstöðu og ræða framfarir sínar, sem styður við sjálfstæði, sjálfsmat og ábyrgð þeirra á námi sínu.

Á sama tíma benda niðurstöður til þess að svigrúm sé til frekari þróunar. Sérstaklega má efla samræmi í framkvæmd milli árganga og styrkja enn frekar hlutverk nemenda sem leiðandi aðila í viðtölunum bæði hvað varðar undirbúning og framsetningu.

6.10. Kennslurýni og samtöl

Í vetur fóru stjórnendur í kennslurýni til flestra kennara skólans. Að þessu sinni var farin hefðbundnari leið en árið áður þar sem stjórnendur sátu kennslustundir og áttu í kjölfarið fagleg samtöl við kennara um styrkleika kennslunnar og þau atriði sem mætti þróa enn frekar. Við kennslurýnina var stuðst við BLIKK-rýniramma þar sem meðal annars var horft til námsmenningar, virkni nemenda, kennsluaðferða, hæfni nemenda, skipulags kennslurýmis, inngildingar og nýjunga í kennslu.

Almenn upplifun stjórnenda og kennara var góð og sköpuðust víða uppbyggileg samtöl um kennslu og nám. Sérstaklega kom fram að mikilvægt væri að halda áfram að efla faglegt samtal um kennsluhætti, námsumhverfi og þátttöku nemenda. Kennslurýnin gaf einnig tækifæri til að draga fram það sem vel er gert í skólastarfinu ásamt því að ræða sameiginlega leiðir til umbóta og þróunar.

6.11. Starfsmannasamtöl

Samtöl við almennt starfsfólk

Á haustönn tók skólastjóri einstaklingsviðtöl við alla almenna starfsmenn skólans. Markmið viðtalanna var að fá heildstæða mynd af líðan, starfsánægju og upplifun starfsfólks af starfi sínu og starfsumhverfi. Í viðtölunum var meðal annars rætt um almenna starfsánægju og líðan í starfi, hvað gengur vel og hvað er helst krefjandi. Einnig var fjallað um samskipti og tengsl innan skólans, stuðning frá stjórnendum og upplýsingaflæði. Sérstök áhersla var lögð á traust, viðurkenningu og þátttöku starfsfólks í ákvarðanatöku, auk tækifæra til starfsþróunar og framtíðarsýnar í starfi. Viðtölin sköpuðu mikilvægt tækifæri til opinna umræðu þar sem starfsfólk gat komið á framfæri sjónarmiðum sínum og hugmyndum að áframhaldandi umbótum í skólastarfinu.

Heildarniðurstöður starfsmannasamtala við almennt starfsfólk sýna að Akurskóli er sterkur vinnustaður þar sem ríkir almennt jákvætt andrúmsloft, góð starfsánægja og sterk liðsheild. Starfsfólk lýsir því að því líði vel í starfi, njóti þess að vinna með nemendum og upplifi samstarf við samstarfsfólk sem gott og uppbyggjandi. Sérstaklega er áberandi að samskipti innan skólans hafa þróast í jákvæða átt á undanförunum árum. Margir benda á að samskipti við stjórnendur séu nú opin, traust og styðjandi og að auðvelt sé að leita til þeirra með mál sem upp koma. Þetta er skýr styrkleiki sem hefur styrkst enn frekar frá fyrra ári þó grunnurinn hafi þegar verið góður.

Starfsfólk upplifir almennt traust í starfi og að það fái tækifæri til að axla ábyrgð og þróast í starfi. Flestir telja vinnuframlag sitt metið en jafnframt kemur fram að áfram megi huga að því að gera hrós og viðurkenningu sýnilegri og markvissari þar sem slíkt hefur augljóslega jákvæð áhrif á líðan og hvatningu starfsmanna.

Helstu tækifæri til umbóta snúa að skipulagi og upplýsingaflæði, einkum í frístund, þar sem starfsfólk upplifir stundum skort á yfirsýn, skýrleika og samræmingu. Einnig kemur fram að auka megi samráð um einstaka nemendur og tryggja að allir sem koma að þeim séu vel upplýstir.


Þrátt fyrir þessar áskoranir er heildarmyndin mjög jákvæð. Starfsfólk sýnir mikla fagmennsku, skuldbindingu og umhyggju fyrir nemendum og leggur sig fram um að skapa gott og styðjandi námsumhverfi. Með því að byggja áfram á styrkleikum í samskiptum, trausti og samvinnu, og vinna markvisst að umbótum þar sem þörf er á eru forsendur til áframhaldandi farsæls skólastarfs mjög góðar.

Starfsmannasamtöl að vori


Öllu starfsfólki skólans stóð til boða að fara í starfsmannasamtöl á vorönn. Kennarar fóru í samtali til skólastjóra og annað starfsfólk skiptist á milli aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra. Starfsfólk fyllti út rafrænt eyðublað með ákveðnum spurningum áður en þeir mættu til viðtals. Svör starfsfólks voru notuð sem grunnur í viðtölunum. Viðtölin gengu vel og af 73 sem svöruðu mættu 47 til viðtals.

Spurt var um líðan, starfsánægju, árangur í starfi og samstarf við hina ólíku aðila innan skólasamfélagsins. Þá var sérstaklega spurt um aðbúnað í skólanum og hvað þyrfti að laga eða bæta.

3. Hvernig metur þú eftirfarandi hjá þér á þessu skólaári:



8. Aðbúnaður. Hvernig er vinnuaðstaða þín?



Niðurstöður starfsmannasamtala sýna að starfsfólk upplifir almennt mikla starfsánægju, góða líðan og öflugt samstarf innan skólans. Svör benda til þess að samstarf milli samstarfsmanna, sem og vinna með nemendum, sé metin mjög jákvætt. Einnig kemur fram að starfsfólk metur eigin samvirkusemi og stundvísi hátt og leggur sig fram um fagmennsku í starfi.

Sérstaklega er jákvætt að sjá að samskipti starfsfólks við stjórnendur hafa styrkst enn frekar frá fyrra ári. Þrátt fyrir að þau hafi áður verið talin góð benda niðurstöður nú til aukins trausts, betri upplýsingamiðlunar og meiri samvinnu í daglegu starfi. Þetta endurspeglast

bæði í mati á samstarfi við skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra sem fær almennt jákvæða einkunn, sem og í opnum svörum þar sem starfsfólk lýsir vinnustaðnum sem jákvæðum og styðjandi.

Starfsfólk nefnir jafnframt fjölbreytni, samheldni og góða liðsheild sem helstu styrkleika skólans. Mikil ánægja er með samstarf, sveigjanleika og faglegt starf í skólanum.

Starfsfólk sá margt í skólastarfinu sem hægt var að hrósa. Hrósi starfsfólks var safnað saman á Padlet vegg og birt öllum og var almenn ánægja með það.

Áfram verður lögð áhersla á að viðhalda og efla þessi jákvæðu samskipti og samstarf þar sem þau eru lykilþáttur í vellíðan starfsfólks og árangri skólastarfsins.

6.12. Moodup púlsmæling

Reykjanesbær sendir út Moodup púlsmælingu fimm sinnum á ári á allt starfsfólk

Reykjanesbæjar. Hver starfsmaður fékk um 10 spurningar í hvert sinn úr 200 spurninga banka. Starfsánægja jókst á skólaárinu og hækkaði frá 8,4 undir lok síðasta skólaárs í 8,6 undir lok skólaársins. Í janúar lentum við í miklu vatnstjóni í skólanum sem hafði mikil áhrif á vinnuaðstæður marga starfsmanna. Það má leiða að því líkum að það hafi að sjálfsgöðu haft áhrif á starfsánægju í janúar. En meðaltal ársins var 8,4 sem er 0,4 yfir viðmiði og eins og áður segir þá var starfsánægja í maí 8,6.



Helstu styrkleikar Akurskóla voru gott jafnvægi á milli vinnu og einkalífs ásamt því að starfsfólk upplifði starfsöryggi og það gæti ímyndað sér að þróa starfsferil sinn í Akurskóla.



Helstu niðurstöður voru kynntar reglulega á TEAMS og áfram verður haldið að viðhalda góðum starfsanda og bæta aðbúnað.

7. Framkvæmdamat

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel. Þá var einnig farið yfir hvern viðburð á kaffihúsafundi í lok skólaárs þar sem fleiri athugasemdir komu fram.

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Skólasetning	Stjórnendur og starfsfólk	Nemendur mættu í heimastofur mánudaginn 25. ágúst, 1.-6. bekkur kl. 8.20 og 7.-10. bekkur kl. 8.30. Dagurinn var skertur og fóru nemendur heim kl. 11. Nemendur voru hjá umsjónarkennurum allan daginn og var öðrum kennurum og starfsfólki skipt á milli árganga. Lögð var áhersla á hópefli. Nemendur í 1. bekk hófu daginn á sal 23. ágúst þar sem var stutt athöfn og fóru nemendur síðan í sitt rými og hófst kennsla þá.
Ólympíu-hlaup ÍSí	Allt starfsfólk og viðburðateymi	Með Ólympíuhlaupi ÍSí er leitast við að hvetja nemendur skólanna til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Nemendur reyna að hlaupa/ganga eins langt og þeir geta á 80 mínútum. Að hlaupinu loknu fær hver skóli viðurkenningarskjál þar sem greint er frá fjölda þeirra sem hlupu ásamt heildarvegalengd sem hlaupin var. Það skal tekið fram að hér er fyrst og fremst lögð áhersla á holla hreyfingu og að allir taki þátt. Meðaltal skólans í hlaupinu var 6 km sem er frábært. Verðlaunaafhending fór fram í íþróttahúsi Akurskóla þar sem allir nemendur mættu og voru veitt viðurkenningarskjöl fyrir góðan árangur. Verðlaunahafar Ólympíuhlaupsins voru 4., 7. og 10. bekkur.
Göngum í skólann	Allt starfsfólk og íþróttakennarar	Markmið verkefnisins, Göngum í skólann, er m.a. að hvetja til aukinnar hreyfingar með því að auka færnibarna til að ganga á öruggan hátt í skólann og um leið fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar. Von ÍSí er að þetta verkefni sé hvatning fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skóla til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla allt árið um kring. Verðlaunaafhending fór fram í íþróttahúsi Akurskóla þar sem allir nemendur mættu og fengu sigurvegar afhentan gullskó. Verðlaunahafar í Göngum í skólann voru 4., 5. og 8. bekkur.
Þemadagar að hausti	Allt starfsfólk	Þemað var Heimsmarkmiðin. Nemendum á hverju stigi var blandað og skipulögðu kennarar verkefni á stöðvum. Hvert stig valdi nokkur heimsmarkmið og unnu með það. Skemmtilegir þemadagar og nutu nemendur sín vel.
Dagur eineltis	Allt Starfsfólk	Vegna 20 ára afmælis skólans og þemadaga þá var ekki hefðbundið skipulag þennan dag. Kennarar voru hvattir til að taka umræðu um góð samskipti.

Dagur íslenskrar tungu	Kennarar	<p>Var haldin hátíðlegur á sal Akurskóla. Nemendur 1. bekkjar ásamt leikskólunum Akri og Holti fengu atriði á sal en í ár lóunn Arna Björgvinsdóttir annar höfundur bókaflökkanna Bekkurinn minn og las fyrir nemendur.</p> <p>3. -6. bekkur voru með stutt atriði á sal.</p> <p>Nemendur í 7.-10. bekk fóru á sal þar sem spurningakeppni 10. bekkjar og kennara fór fram. Stóra upplestrarkeppnin var sett og færði 8. bekkur nemendum í 7. bekk ræðupúlt.</p>
Upplestrarkeppnin hjá 7.bekk	Stjórnendur	<p>Handbókin með leiðbeiningum fyrir kennara til hvers er ætlast af nemendum í keppninni og hvernig best er að haga undirbúningi keppinnar var send á íslenskukennara í 7. bekk við upphaf skólaárs. Einnig fundaði deildarstjóri með umsjónarkennurum þar sem æfingarferlið var undirbúið. Menntasvið heldur utan um keppnina og var með samráðsfundi tvisvar sinnum á skólaárinu.</p> <p>Á Degi íslenskrar tungu var upplestrarkeppnin sett formlega á sal þar sem nemendur í 8. bekk létu ræðupúltið ganga til 7. bekkjar. Það voru tveir nemendur í 8. bekk sem afhentu það og tveir nemendur í 7. bekk sem tóku við því.</p> <p>Átta nemendur komust áfram úr bekkjarkeppni og tveir fóru fyrir hönd Akurskóla í lokakeppnina sem fór fram í Hljómahöll, og einn til vara.</p> <p>Nemendum í 6. bekk var boðið að koma og horfa á keppnina á sal, ásamt nemendum í 7. bekk og foreldrum keppenda.</p> <p>Dómarar skólaárið 2025-2026 voru Hafdís Garðarsdóttir fyrrverandi kennari og kennsluráðgjafi, Sóley Halla Þórhallsdóttir fyrrverandi skólastjóri og Ásgerður Þorgeirsdóttir fyrrverandi skólastjóri.</p>
Jólahátíð	Allt starfsfólk skólans	<p>Jólahátíð nemenda var haldin að morgni dags 19. desember. Verðlaun voru afhent fyrir Akurpennann, ljóðsamkeppni Akurskóla. Einnig voru gefnar viðurkenningar fyrir jólahurðir árganga. Nemendur í 5. bekk sýndu jólaleikrit sem þau voru búin að útfæra og æfa og í kjölfarið dönsuðu nemendur saman í kringum jólatréð. Að því loknu var haldið í rýmin þar sem nemendur og starfsfólk áttu notalega stund saman.</p> <p>Athugasemd kom um afhendingu viðurkenninga hvort það ætti ekki frekar að veita þær í síðstu söngstund fyrir jól.</p>
Þrettándinn		<p>Þrettándagleði var haldin 6. janúar 2025 í Narfakotsseylu. Þar var boðið uppá kakó og piparkökur fyrir nemendur og starfsfólk Akurskóla. Fengum kakó frá Soho og það var mjög gott. Nemendur komu í tveimur hópum kl. 8.40 mættu nemendur í 6.-10. bekk og kl. 9.00 nemendur í 1. -5. bekk. Bál var kveikt á eldstæðinu, skotið upp flugeldatertu og spiluð áramótatónlist. Mikil ánægja er með þessa skemmtilegu hefð.</p>

Öskudagur	Allt starfsfólk	<p>Dagurinn var tvískiptur. 1.-5. bekkur fór á milli í stöðvum sem voru skipulagðar af kennurum. Það sem var í boði voru leikir í íþróttahúsi, bíó, þrautir, teikning, dans, púsl og spil. Skóli var frá 8.30-10.40 og var hver árgangur í u.þ.b. 15 mínútur á hverri stöð. Nesti og frímínútur voru ekki þennan dag. Starfsfólk fór í kaffi kl. 10.40 nema þeir sem starfa í frístund sem fóru kl. 9.10-9.30. Gekk vel og voru nemendur ánægðir. Nemendur byrjuðu og enduðu daginn í heimastofu.</p> <p>6. - 10. bekkur fór í Menntastríð. Nemendum var því skipt í 10 hópa þvert á árganga og gengu á milli stofa og kepptu í hinum ýmsu þrautum sem kennarar voru búnir að setja upp. Liðin gátu fengið allt að 16 stig fyrir hverja þraut. Kennarar voru með lifandi excelskjal þar sem stigin voru færð inn um leið og voru úrslit tilkynnt af deildarstjóra í lok dags. Liðin voru ekki nefnd eftir litum og gátu fengið auka stig fyrir flesta í búningum svo margir komu í grímubúningum. Sigurliðið fékk pizzaveislu í verðlaun.</p>
Árshátíð skólans	Allt starfsfólk skólans	<p>Árshátíð Akurskóla fór fram 19. og 20. mars og var þemað í ár Disney.</p> <p>19. mars var uppbrotsdagur samkvæmt skóladagatali og var að flestu leiti hefðbundinn kennsludagur nema árgangar komu á sal í generalprufu samkvæmt skipulagi frá deildarstjóra. Gekk æfing vel og nemendur vel undirbúnir.</p> <p>Árshátíð 7.-10. bekkjar var haldin að kvöldi 19. mars. Árshátíðin hófst kl. 19 með atriðum frá nemendum. Nemendur í 7. bekk voru með dansatriði, 8. bekkur var með hæfileikakeppni, 9. bekkur með spurningakeppni og 10. bekkur var svo með hið árlega árshátíðarmyndband sem vakti mikla lukku. DjErnirArnbergz tók svo við og spilaði fyrir nemendur til kl. 23. Nemendaráð bauð upp á leynigest sem var Maron Birnir og sló hann í gegn. Umsjónarkennarar í 7.-10. bekk sáu um að vinna á ballinu ásamt þeim sem sjá um Nemendafélagið. Nemendur og umsjónarkennarar í 7.-10. bekk voru svo í fríi 20. mars.</p> <p>Árshátíð 1.-6. bekkjar var haldin 20. mars og var henni tvískipt. Kl. 9.00 mættu nemendur 1.-3. bekkjar og kl. 10.30 mættu nemendur 4.-6. bekk. Glæsileg atriði og greinilega mikil vinna lögð í þau. Atriði 6. bekkjar var atriði Akurskóla á hæfileikahátíð grunnskólanna sem var í maí. Eftir atriði á sal var nemendum og gestum boðið uppá köku, kaffi og djús.</p>
Hátíðarkvöld verður 10. bekkjar	Stjórnendur og umsjónarkennarar 10. bekkjar	<p>Hátíðarkvöldverðurinn var haldinn á sal skólans fyrir árshátíð grunnskóla Reykjanesbæjar, 10. apríl. Foreldrar 10. bekkjar sáu um að undirbúa salinn, útvega veitingar, þjóna til borðs og ganga frá en deildarstjóri sá um dagskrá. Aðstoðarskólalastjóri flutti ávarp og einnig fulltrúi nemenda. Svo var einn nemandi með tónlistaratriði. Úr varð skemmtilegt kvöld en þeir nemendur sem fóru á árshátíðina í Hljómahöll fengu far með starfsfólki þar sem of fáir fóru til þess að ná í rútu eins og venjan hefur verið síðustu ár.</p>

Vorferðir nemenda	Umsjónarkennarar og deildarstjórar	Farið var í vorferðir eftir að námsmati lauk. Ferðirnar voru mjög fjölbreyttar og gengu mjög vel. Skólinn greiðir fyrir alla rútur en nemendur greiða fyrir þá viðburði sem farið er í.
Þema í maí	Allt starfsfólk skólans	Í 1.-4. bekk var þemað Undir berum himni og skipulagði hver árgangur skemmtilegan viðburð sem var m.a. fjöruferð, sund, leikvelli, Stapasafnið og Narfakotsseylu. Í 5.-7. bekk var nemendum skipt í fjóra hópa þvert á árganga. Stöðvarnar skiptust í keppni í Akurtröllinu, sund, spil og útileiki. Í 8.-10. bekk var farið í ratleik, stöðvar og leiki í íþróttahúsinu. Þemadagar gengu vel og var mikil gleði og lék veðrið við okkur
Litahlaup	Allt starfsfólk skólans	Litahlaupið var haldið í fyrsta skiptið í Akurskóla í ár. Var mikil gleði og skemmtu nemendur og starfsfólk sér vel. Slökkviliðið kom og bleytti í nemendum fyrir hlaupið. Tónlist var spiluð á tveimur stöðum og var mikil stemming. Veðrið var frábært sem gerði hlaupið enn skemmtilegra. Ákveðið var að festa ekki neinn sérstakan dag að vori heldur fylgjast með veðurspá og velja dag eftir veðri. Gott að vera með duftið klárt í byrjun maí og hafa meiri matarlit í mjölinu.
Vorhátíð	Allt starfsfólk skólans	Nemendur mættu kl. 8.30 í heimastofu. Skrúðgangan hófst kl. 8.40 og var genginn lítill hringur í hverfinu. Að því loknu var byrjað á stöðvum þar sem hver árgangur keppti í ýmsum greinum. Að því loknu var boðið í pylsupartý sem kom frá Skólamat. BMXBrós komu og sýndu listir sínar. Foreldrafélagið og Akurskóli buðu í þessa skemmtun sem vakti mikla lukku. Dagurinn endaði á skotboltakeppni milli 10. bekkjar og starfsfólks í íþróttasal. Úrslit úr vorhátíðinni voru kynnt daginn eftir á sal Akurskóla. Þá var þrautakeppni milli starfsfólks og endaði dagurinn á stöðvum fyrir nemendur sem nemendafélagið skipulagði. Það gekk vel en hefði verið gott að hafa fleiri stöðvar og einnig hefði verið betra að dreifa starfsfólki betur.
Skólaslit	Allt starfsfólk skólans.	Skólaslit 1.- 9. bekk var haldin í íþróttasal Akurskóla 10.júní kl. 9.00. Atriði var frá tónlistarskólanum. Nemendur mættu með foreldrum og kvöddu síðan umsjónarkennarar nemendur sína í heimastofu og afhentu þeim vitnisburð og lásu upp hrósskjöl.

Útskriftin hjá 10.bekk	Stjórnendur	Útskriftarathöfn 10. bekkjar fór fram í íþróttahúsinu kl. 14 þann 9. júní. Útskriftin var með hefðbundnu sniði þar sem skólastjóri flutti ávarp, fulltrúi nemenda var með ávarp og umsjónarkennarar fluttu einnig ávarp. Tónlistaratriði frá nemanda Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Þá voru veittar viðurkenningar fyrir mjög góðan og góðan námsárangur en viðurkenningarnar voru í formi bókagjafa sem gefnar voru af félagasamtökum og danska sendiráðinu. Einn nemandi fékk viðurkenningu frá Kletti, unglिंगadeild Björgunarsveitar Suðurnesja. Nemendur voru kallaðir upp á svið einn í einu þar sem lesin voru hrósskjöl, þau fengu Akurskólatrefil, rós og viðurkenningu þegar við átti. Að athöfninni lokinni voru gestum og starfsfólki boðið í kaffisamsæti á sal skólans sem starfsfólk hafði séð um að útbúa. Dagurinn gekk vel og var mjög hátíðlegur.
Brúum bilið	Stjórnendur og aðrir sem koma að verkefninu	Gott samstarf milli Akurskóla og leikskólanna Akurs og Holts. Nemendur hafa komið í heimsókn með reglulegu millibili. Þeir koma m.a. í íþróttir, nesti, frímínútur og stöðvavinnu. Einnig ef sameiginleg stund í tilefni af Degi íslenskrar tungu.
Lestrar-sprettir	Kennarar	Frá miðjum september fram í miðjan október tóku nemendur á yngsta- og miðstigi þátt í lestrarkeppninni „ Svakalega lestrarátakið “. Í janúar mælti læsisteymi skólans með því að kennarar sendu heim lestrarspretti til að undirbúa nemendur undir lesfímiprófin. Þau mæltu með efni sem þjálfar endurtekinn lestur t.d. æfingin skapar meistarann og þristinn. Minna var um lestrarátak þetta skólaárið heldur en áður vegna þess að á þessu skólaári innleiddum við PALS lestrarkennslaöferðinni og er hún markvisst þjálfuð í 1.-7.bekk og svo eru tekin PALS átök á unglिंगastigi öðru hvoru yfir ári.
Lestrar-áskorun	Kennarar	Hófst í febrúar og höfðu nemendur tíma til lok maí að klára áskorunina. Nemendur fengu spjald með ýmsum lestraráskorunum sem þeir áttu að ljúka. Þegar spjaldið var fullt fengu nemendur blýant í verðlaun. Áskorunin gekk vel og þeir nemendur sem tóku þátt voru áhugasamir. Nemendur mega velja hvort þeir taki þátt í áskoruninni og eftir að tímabilinu lauk voru rúmlega 31% nemenda á yngsta stigi búnir að klára og rúmlega 5% á miðstigi.

8. Teymi í skólanum

Á skólaárinu 2025–2026 starfaði fagfólk Akurskóla í fjölbreyttum teymum með það að markmiði að efla faglegt starf, styrkja samstarf og skapa vettvang fyrir þróun og umbætur í skólastarfinu. Starfsfólk valdi sér teymi út frá áhugasviði og hittust teymin reglulega yfir skólaárið til að ræða áherslur, skipuleggja verkefni og vinna að sameiginlegum markmiðum. Teymin sinntu fjölbreyttum verkefnum tengdum meðal annars læsi, leiðsagnarnámi, uppeldis- og forvarnamálum, útikennslu, heilsuefningu, UNESCO-verkefnum, árshátíð og stuðningi við skólasókn. Í mörgum tilvikum var unnið að því að þróa nýjar hugmyndir, samræma verklag og miðla efni og reynslu til annars starfsfólks. Almenn ánægja var með fyrirkomulag fagteyma og upplifun starfsfólks var að teymin hefðu skapað mikilvægan vettvang fyrir faglegt samtal, samvinnu og þróunarstarf innan skólans. Áætlað er að áfram verði starfandi fagteymi á næsta skólaári, ýmist með sambærilegum áherslum eða nýjum verkefnum út frá þörfum skólans hverju sinni.

Árshátíðarteymi

Árshátíðarteymið vann að undirbúningi og þróun árshátíðar skólans ásamt hugmyndavinnu tengdri afmæli skólans. Í upphafi skólaárs ræddi teymið meðal annars hugmyndir að skreytingum fyrir afmæli skólans og hvernig hægt væri að tengja verkefni nemenda við sögu skólans frá stofnun hans árið 2005. Einnig var rætt um möguleg þemu fyrir árshátíðina, meðal annars Disney, kvikmyndir, þjóðsögur og þjóðhátíð. Síðar á skólaárinu hélt teymið áfram vinnu við skipulag og undirbúning árshátíðarinnar, meðal annars með kosningu um þema og umræðu um uppsetningu og skreytingar. Að lokinni árshátíð safnaði teymið upplýsingum frá árgöngum um upplifun þeirra af framkvæmdinni. Almennt var jákvæð afstaða til þemavinnu og komu fram hugmyndir um að kynna þema fyrr, efla skreytingar og heildarstemningu enn frekar og bæta sameiginlegt skipulag milli árganga.

Eineltisteymi

Eineltisteymið hóf skólaárið á því að fara yfir verklag fyrri ára og koma sér upp sameiginlegu vinnulagi. Teymið kynnti sér verkferla skólans, undirbjó kynningu fyrir starfsfólk og vann að skipulagi Baráttudags gegn einelti. Í tengslum við Baráttudag gegn einelti voru útbúin verkefni og hugmyndir fyrir alla árganga. Fyrir yngri nemendur var meðal annars unnið með myndbönd, umræður um samskipti og

eineltishringinn en á elsta stigi var lögð áhersla á umræðu um samskipti á netinu, samfélagsmiðla og netöryggi.

Teymið tók jafnframt til umfjöllunar mál sem bárust yfir skólaárið og vann samkvæmt verkferlum skólans í samstarfi við viðeigandi aðila og umsjónarkennara. Mál voru sett í farveg, fylgst var með framvindu þeirra og unnið að eftirfylgni þegar þörf var á.

Forvarnarteymi

Forvarnarteymið vann að þróun og samræmingu forvarnafræðslu innan skólans. Í upphafi skólaárs fór teymið yfir stöðu forvarnamála í skólanum, þátttöku í samstarfi forvarnarteyma grunnskóla og vinnu við nýjan forvarnarkafla í bekkjarnámskrá undir heitinu „**Virðing**, öryggi og jafnrétti – fræðsla og **forvarnir**“. Einnig var unnið að kortlagningu á þeirri forvarnafræðslu sem þegar fer fram í skólanum.

Teymið lagði sérstaka áherslu á Viku6 og að efla umræðu og fræðslu um samskipti, kynheilbrigði, netöryggi og sjálfsmynd. Einnig voru ræddar leiðir til að tryggja samfellu í fræðslu milli aldurstiga og að mikilvægt efni væri kennt á réttum tíma.

Sem hluti af vinnu teymisins voru mótaðar hugmyndir að sérstökum forvarnardögum fyrir mismunandi aldurstig. Þar var meðal annars lögð áhersla á vináttu, líkamsvitund og samþykki hjá yngri nemendum, stafræna hegðun, sjálfsmynd og netöryggi á miðstigi og andlega heilsu, samfélagsmiðla og ofbeldi hjá unglíngastigi.

Áfram var unnið að kortlagningu forvarnafræðslu yfir skólaárið og stefnt að því að setja efnið fram með skipulagðari hætti með haustinu.

Heilsueflandi teymi

Heilsueflandi teymið vann að verkefnum tengdum Heilsueflandi grunnskóla og lagði áherslu á að efla heilsu, vellíðan og forvarnir í skólasamfélaginu. Teymið vann meðal annars með gátlista og aðgerðaáætlanir tengdar nemendum, matarræði og tannheilsu ásamt því að yfirfara stöðu verkefna innan skólans.

Stór þáttur í starfi teymisins var undirbúningur og framkvæmd Lýðheilsu- og forvarnaviku Akurskóla. Þar var lögð áhersla á hreyfingu, vellíðan og jákvæða heilsuhegðun meðal starfsfólks og nemenda. Boðið var meðal annars upp á badminton, blak, göngutúr í nærumhverfi skólans, slökunartónlist í matsal og aukna áherslu á hreyfingu og hollt nesti yfir vikuna.

Í vinnu teymisins var einnig horft til hugmynda og fyrirmynda frá öðrum skólum varðandi forvarnar- og heilsuefningarverkefni, meðal annars með áherslu á stafræna hegðun, andlega líðan og samfélagslega ábyrgð. Markmið teymisins var að styðja við jákvæða skólamenningu og efla meðvitund um heilsu og forvarnir í daglegu skólastarfi.

Leiðsagnarteymi

Leiðsagnarteymið vann að áframhaldandi innleiðingu leiðsagnarnáms í skólanum með áherslu á faglegt samtal, miðlun reynslu og aukna samræmingu í kennslu. Í upphafi skólaárs fór teymið yfir stöðu leiðsagnarnáms í skólanum, styrkleika og áskoranir ásamt því að ræða hvernig tryggja mætti að nemendur upplifi skýrari markmið og aukið sjálfstæði í námi. Í starfi teymisins var lögð áhersla á að miðla hugmyndum og efni til starfsfólks, meðal annars með reglulegum fréttabréfum og umræðu um leiðbeinandi endurgjöf, sjálfsmat og sýnileg námsmarkmið. Teymið hvatti kennara til að ræða leiðsagnarnám bæði við nemendur og foreldra og að gera hæfniviðmið sýnilegri í kennslurýmum.

Teymið vann einnig að því að greina hvernig leiðsagnarnám birtist í kennslu í Akurskóla. Ákveðið var að framkvæma vettvangskönnun og leggja fyrir könnun meðal kennara um notkun leiðsagnarnáms og hvaða stuðningur væri talinn mikilvægur til áframhaldandi innleiðingar.

Niðurstöður umræðna og kannana bentu meðal annars til þess að efla þyrfti notkun jafningjamats, gera námsmarkmið sýnilegri og halda áfram að deila góðum leiðum og reynslu milli kennara. Einnig komu fram hugmyndir um aukna samþættingu námsgreina og að þróa vettvang þar sem kennarar gætu miðlað fyrirmyndarverkefnum og hugmyndum sem styðja við leiðsagnarnám.

Læsisteymi

Læsisteymið vann markvisst að því að efla lestur og lestraráhuga nemenda á öllum stigum skólans. Teymið skipulagði og hélt utan um fjölbreytt lestrarátök yfir skólaárið, meðal annars þátttöku í landsverkefninu „**Svakalega lestrarátakið**“ og sérstök lestrarverkefni fyrir yngsta-, mið- og unglíngastig.

Áhersla var lögð á lesfimiþjálfun og að útbúa kennurum aðgengilegt efni sem hægt væri að nýta í undirbúningi fyrir lesfimiþróf. Á yngri stigum voru nýttar fjölbreyttar æfingar og verkefni en á unglíngastigi var meðal annars unnið með PALS-læsi, bókasþjall og verkefni þar sem nemendur unnu saman að kynningum og myndbandsgerð tengdri bókalæstri.

Teymið vann einnig að lestraráskorunum og hvatningarverkefnum fyrir bæði nemendur og starfsfólk. Foreldrar voru hvattir til þátttöku með upplýsingapóstum og áherslu á mikilvægi heimalesturs. Einnig var tekið mið af fjölbreyttum nemendahópi með því að útbúa efni á fleiri tungumálum.

Í starfi teymisins var lögð áhersla á samstarf, samræmingu og miðlun hugmynda milli kennara með það að markmiði að styrkja læsi og lestrarmenningu innan skólans.

Skólaforðunarteymi

Skólaforðunarteymið vann að því að greina, fylgja eftir og styðja nemendur með skólaforðun eða aukna fjarveru. Í upphafi skólaárs fór teymið yfir þau verkfæri og verklag sem fyrir voru ásamt því að ræða snemmtæka íhlutun, flokkun mála eftir alvarleika og samstarf við kennara og foreldra. Einnig var unnið með sameiginleg verkfæri og ferla á vegum Reykjanesbæjar.

Teymið hélt utan um reglulega stöðutöku einstakra nemenda og þróaði skráningar- og yfirlitskerfi til að halda utan um inngríp, samtöl, aðgerðir og framvindu mála. Lögð var áhersla á samvinnu innan teymisins og að hver nemandi hefði tengilið sem fylgdi máli hans eftir.

Í vinnu teymisins kom skýrt fram mikilvægi foreldrasamstarfs og snemmtæktrar íhlutunar. Unnið var meðal annars með aðlagaðar stundatöflur, „**check-in**“, markviss tengsl við ákveðið starfsfólk, skriflega samninga og reglulega eftirfylgni. Einnig var rætt um mikilvægi þess að styðja foreldra í að takast á við skólaforðun af festu og öryggi.

Teymið mun starfa áfram á næsta skólaári og hefur áhuga á að bjóða upp á aukna foreldrafræðslu á komandi skólaári. Einnig verður ný stefna Reykjanesbæjar innleidd í starfinu. Í takt við nýjar áherslur og verklag mun teymið heita „**Stuðningur við skólasókn**“.

UNESCO teymi

UNESCO teymið vann að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í skólastarfið og undirbúningi umsóknar tengdri UNESCO-skólaverkefnum. Teymið ræddi leiðir til að gera heimsmarkmiðin sýnilegri í daglegu skólastarfi og vann að því að tengja þau markvisst við árganga og verkefni nemenda.

Heimsmarkmiðunum var skipt niður á árganga þannig að hver árgangur ynni sérstaklega með ákveðin markmið yfir skólaárið. Lögð var áhersla á að markmiðin væru sýnileg í

skólastofum og að kennarar hefðu aðgang að hugmyndum og kennsluefni í gegnum sameiginlegt svæði á Teams.

Teymið vann einnig að hugmyndum að þemadögum og verkefnum tengdum heilsu, vellíðan, sjálfbærni og menningarlegri fjölbreytni. Meðal hugmynda voru verkefni um matarsóun, hreyfingu, andlega heilsu, sjálfbæran lífstíl og Alþjóðadag menningarlegrar fjölbreytni. Nemendur unnu fjölbreytt verkefni sem gerð voru sýnileg í skólanum og stuðluðu að aukinni vitund um menningu, tungumál og heimsmarkmiðin.

Í starfi teymisins var lögð áhersla á að efla alþjóðavitund, samfélagslega ábyrgð og sýnileika heimsmarkmiðanna í skólasamfélaginu.

Uppbyggingarteymi

Akurskóli starfar samkvæmt uppbyggingarstefnunni og hlutverk uppbyggingarteymisins var meðal annars að viðhalda stefnunni í skólastarfinu, rifja hana reglulega upp og styðja við innleiðingu hennar meðal starfsfólks. Sérstök áhersla var lögð á að kynna stefnuna fyrir nýju starfsfólki og halda henni sýnilegri í daglegu starfi skólans.

Teymið vann að undirbúningi þarfagreiningar meðal starfsfólks og gerð sáttmála starfsfólks í anda uppbyggingarstefnunnar. Einnig voru ræddar leiðir til að gera niðurstöður og áherslur sýnilegri innan skólans, meðal annars með uppsetningu á sameiginlegum vegg á kaffistofu starfsfólks.

Í starfi teymisins var lögð áhersla á faglegt samtal, sameiginleg gildi og að minna reglulega á hugmyndafræði uppbyggingarstefnunnar í skólasamfélaginu.

Útikennsluteymi

Útikennsluteymið vann að því að efla og styðja við útikennslu í Akurskóla. Í umræðum teymisins var lögð áhersla á að nýta nærumhverfi skólans betur í kennslu og leik, meðal annars Narfakotsseylu, fjöruna, tjörnina, leikvelli og önnur útisvæði í kringum skólann.

Teymið ræddi hvernig hægt væri að gera útikennslu að eðlilegum hluta af skólastarfinu og jafnframt nýta hana til hópeflis, hreyfingar og leikja.

Teymið vann að því að safna saman hugmyndum, verkefnum og ratleikjum fyrir útikennslu. Sett var upp stafræn mappa með efni sem kennarar geta nýtt sér og meðal verkefna voru ratleikir og myndaleikir þar sem nemendur vinna saman að verkefnum í nærumhverfi skólans.

Einnig vann teymið að því að kortleggja hvaða gögn og búnað þyrfti til að styðja við útikennslu, meðal annars stækkunargler, skordýrakrukkur, háfa og annan rannsóknarbúnað. Rætt var um geymslu útikennslugagna og hvernig mætti halda betur utan um útikennslusvæði skólans og aðstöðu þar.

Í starfi teymisins var lögð áhersla á að efla fjölbreytt nám utan hefðbundinnar kennslustofu og auka nýtingu nærumhverfis skólans í námi og leik.

9. Lokaorð

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið. Allt starfsfólk skólans koma að vinnu við matið á fundum dreift yfir allt skólaárið.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mat á þeim og viðmiðum þar sem það á við.

Vinna við matið á að nýtast öllu starfsfólki skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf enn betra.

Á grundvelli þessarar skýrslu verður gerð umbótaáætlun haustið 2026.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS